

**Starfshópur um eflingu  
framhaldsskólamenntunar  
í Fjarðabyggð**

**Skýrsla**

**Október 2007**

# Efnisyfirlit

I. Inngangur .....	3
II. Umgjörð menntunar í Fjarðabyggð og á Austurlandi.....	4
III. Eftirspurn eftir námi í Fjarðabyggð.....	9
III.1 Nemendur í 9. og 10. bekk .....	9
III.2 Almennitur.....	11
III.3 Fyrirtæki .....	13
IV. Stefnumótun stjórnvalda um framhaldsskólastigið og aðgerðir .....	15
V. Leiðir til þróunar framhaldsskólamenntunar .....	17
V.1 Skóli sem tekur mið af eftirspurn (Demand-sensitive schooling).....	17
V.2 Ný skipan náms (New Designs for Learning).....	18
V.3 Dreifmenntun.....	22
VI. Framtíðaruppbygging framhaldsskólanáms í Fjarðabyggð og á Austurlandi .....	24
VII. Tillögur .....	29

## I. Inngangur

Í nóvember 2006 skipaði menntamálaráðherra, að höfðu samráði við sveitarfélagið Fjarðabyggð, starfshóp til að fjalla um skipulag og uppbyggingu menntunar á framhaldsskólastigi í Fjarðabyggð. Í erindisbréfi starfshópsins kemur fram að hlutverk hans sé að setja fram tillögur sem séu til þess fallnar að styrkja starf á framhaldsskólastigi í sveitarfélaginu og mæta þörfum þeirra íbúa á svæðinu sem vilja stunda nám í heimabyggð. Skyldi starfshópurinn setja fram tillögur um námsframboð og fyrirkomulag kennslu er tæki mið af framtíðarþörfum íbúa sveitarfélagsins. Í erindisbréfinu segir að æskilegt sé að námsframboðið sé fjölbreytilegt og mæti mismunandi þörfum einstaklinganna, að námsfyrirkomulagið sé sveigjanlegt og taki mið af aðstöðu og dreifingu íbúa innan þjónustusvæðis skólans, um leið og gæði menntunarinnar séu tryggð.

Í starfshópnum áttu sæti:

Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, formaður

Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri í Fjarðabyggð

Hrönn Pétursdóttir, fyrrverandi verkefnastj. Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Smári Geirsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð.

María Þ. Gunnlaugsdóttir, deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneyti, var starfsmaður hópsins.

Starfshópurinn hélt 9 fundi. Í upphafi starfsins voru haldnir fundir með aðilum á Austurlandi þar sem starf hópsins var kynnt og leitað eftir sjónarmiðum varðandi framhaldsskólamenntun. Kynningarfundirnir voru m.a. haldnir með fulltrúum Verkmenntaskóla Austurlands, bæjarráði Fjarðabyggðar og fræðsluráði sveitarfélagsins, fulltrúum bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs, fulltrúum úr atvinnulífi á Austurlandi, Þróunarfélagi Austurlands og Þekkingarsetri Austurlands. Hluti starfshópsins heimsótti Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði.

## II. Umgjörð menntunar í Fjarðabyggð og á Austurlandi

Um mitt ár 2006 sameinuðust sveitarfélögin Austurbyggð, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Mjóafjarðarhreppur og Fjarðabyggð undir heiti hins síðastnefnda. Í sveitarfélaginu eru sex byggðarkjarnar, Mjóifjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður. Stofnun nýs sveitarfélags helst í hendur við við mikla atvinnuuppbyggingu á svæðinu þar sem nýtt álver hefur verið reist og um 900 ný störf skapast. Alls búa nú í sveitarfélaginu um 6.000 manns.

Samfara atvinnuuppbyggingu hafa í Fjarðabyggð risið nýjar byggingar fyrir leikskóla og grunnskóla, svo og nýtt íþróttahús. Sjávarútvegur hefur verið undirstöðugrein en þótt störfum hafi þar fækkað hafa verðmæti aukist og er sjávarútvegur mikilvægur í sveitarfélaginu. Með nýjum störfum við álver, afleiddum störfum og stækkun samfélagsins skapast líka forsendur fyrir margs konar nýrri og sérhæfðri þjónustu og verslun. Þá verður ný höfn við Mjóeyri í Reyðarfirði miðstöð fyrir flutninga bæði á sjó og landi.

Af hálfu sveitarfélagsins er góð aðstaða til menntunar á öllum skólastigum, frá leikskóla til háskóla og símenntunar, lykilatriði í að skapa hagfelldar aðstæður til búsetu.

Framhaldsskólinn menntar ungt fólk til starfa og frekara náms og val á framhaldsskóla hefur áhrif á búsetuval. Öflug framhaldsskólamenntun á svæðinu gerir líklegra en ella að ungt fólk dveljist þar áfram og að fjölskyldur með börn kjósi að setjast þar að. Með starfs- og símenntun tengjast framhaldsskólar atvinnulífi og mennta fólk til starfa hjá fyrirtækjum og stofnunum. Síðast en ekki síst skapar framhaldsskóli brú til háskólamenntunar og símenntunar á háskólastigi. Góð grunn- og framhaldsskólamenntun skapar nauðsynlegan grunn fyrir nám á háskólastigi.

Í vinnu að aðalskipulagi fyrir hið nýja, sameinaða sveitarfélag er skipulag framhaldsskólamenntunar meðal mikilvægustu verkefna. Taka þarf mið af ólíkri aðstöðu íbúa og dreifingu þeirra innan sveitarfélagsins til að námsframboð geti mætt mismunandi þörfum íbúa. Á svæðinu eru 6 byggðarkjarnar og var dreifing íbúa í ágúst 2007 eftirfarandi:

## Tafla 1. Íbúafjöldi í Fjarðabyggð janúar 2007

Eskifjörður	Neskaupstaður	Reyðarfjörður	Fáskrúðsfjörður	Stöðvarfjörður	Mjóifjörður	Alls
1.063	1.462	931	670	230	38	4.394

Samgöngur á milli byggðarkjarna eru í sumum tilvikum erfiðar. Má þar nefna Oddsskarð milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, árstíðabundinn veg til Mjóafjarðar og erfiðan fjallveg að vetrarlagi til Egilsstaða. Fyrirhugaðar samgöngubætur og þá sérstaklega ný göng milli Eskifjarðar og Norðfjarðar munu breyta miklu um aðgang að menntun á framhaldskólastigi.

Í Fjarðabyggð er starfandi einn framhaldsskóli, Verkmenntaskóli Austurlands í Neskaupstað (VA) sem stofnaður var árið 1986. Átta sveitarfélög á Austurlandi eiga aðild að skólanum og er honum ætlað að þjóna verkmenntun á Austurlandi öllu. Fjöldi skráðra nemenda í Verkmenntaskóla Austurlands var 247 á haustmisseri 2006, þar af 22 í kvöldskóla. Kennarar við skólann voru um 20 skólaárið 2006/2007. Námsframboð er á eftirfarandi sviðum: 1.-3. önn hársnyrtibrautar, grunnnám rafiðna, iðnnám í rafvirkjun, grunnnám málmíðngreina, iðnnám í vélvirkjun, grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina og iðnnám í húsasmíði, vélstjórn 1. stigs, iðnmeistaránám, almenn námsbraut, stúdentsbrautir (félagsfræðabraut, náttúrufræðabraut), sjúkraliðabraut, starfsbraut og námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum.

Tafla 2	Verkmenntaskóli Austurlands									
	Fjöldi nemenda eftir árum og kyni									
	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Karlar	115	114	97	106	83	80	94	92	77	97
Konur	76	89	98	94	87	104	99	100	140	150
Alls	191	203	195	200	170	184	193	192	217	247

Heimild: Hagstofa Íslands

Nemendum hefur fjölgað um 26% á 10 ára tímabili þó svo að nokkrar sveiflur séu í nemendafjölda. Athygli vekur að karlkyns nemendum fækkar á þessu tímabili en konum fjölgar mikið.

Gerðar hafa verið tilraunir með tengingu náms við atvinnuþbyggingu með námsbraut við VA fyrir starfsmenn álvers. Áætlanir eru einnig um að setja á stofn námsbraut í framleiðslutækni við skólann og fyrir liggur samþykki menntamálaráðuneytis við starfrækslu slíkrar brautar.

Mikilvægt er að skoða framhaldsskólamenntun í Fjarðabyggð í samhengi við námsframboð á þessu skólastigi á Austurlandi. Þar eru auk Verkmenntaskólans Menntaskólinn á Egilsstöðum (ME) og Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (FAS), en sá síðarnefndi tilheyrir Suðurkjördæmi. Auk þess er Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað rekinn sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólar á Austurlandi hafa átt í samstarfi sín á milli um dreifmenntun og samkenndu áfanga með nýtingu fjarfundatækni. Einnig sækir töluverður fjöldi nemenda úr Fjarðabyggð Menntaskólann á Egilsstöðum.

Menntaskólinn á Egilsstöðum er fyrst og fremst bóknámsskóli og býður nemendum sínum nám á fjórum brautum til stúdentsprófs auk þriggja starfsnámsbrauta, almennrar námsbrautar, starfsbrautar og fjölgreinabrautar.

Tafla 3	Menntaskólinn á Egilsstöðum									
	Fjöldi nemenda eftir árum og kyni									
	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Karlar	168	122	128	128	143	159	149	150	170	155
Konur	207	202	178	225	230	211	238	250	260	201
Alls	375	324	306	353	373	370	387	400	430	356

Heimild: Hagstofa Íslands

Nemendum Menntaskólans á Egilsstöðum hefur fækkað nokkuð undanfarið ár.

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu á Höfn í Hornafirði býður upp á nám á þremur brautum sem lýkur með stúdentsprófi, auk viðbótarnáms til stúdentsprófs að loknu viðurkenndu starfsréttindanámi. Einnig býður skólinn nám á almennri námsbraut, skipstjórnarbraut til 30 brt. og vélstjórnarbraut 2. stigs.

Tafla 4	Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu									
	Fjöldi nemenda eftir árum og kyni									
	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Karlar	38	54	37	45	54	60	43	70	128	103
Konur	51	78	45	72	61	66	59	71	80	70
Alls	89	132	82	117	115	126	102	141	208	173

Heimild: Hagstofa Íslands


Nemendafjöldi Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu hefur nánast tvöfaldast undanfarin ár og athygli vekur að karlar eru þar í meirihluta.

Þekkingarnet Austurlands (ÞNA) er sjálfseignarstofnun, formlega stofnuð 13. júní 2006 á grunni Fræðslunets Austurlands sem stofnað var haustið 1998. Þekkingarnetið er með höfuðstöðvar á Egilsstöðum, starfsstöðvar í Neskaupstað og á Hornafirði og vinnur í nánú samstarfi við fyrirtæki, stofnanir og skóla. Starfssvæði er allt Austurland, frá Skeiðará í suðri að Langanesi í norðri. Markmið Þekkingarnets Austurlands er að bæta aðgengi íbúa Austurlands að háskólanámi og símenntun. Netið veitir stoðþjónustu fyrir nemendur, skipuleggur símenntunarnámskeið, miðlar háskólanámi í fjarkennslu og veitir ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga. Í Fjarðabyggð eru á vegum Þekkingarnetsins rekin námsver í Neskaupstað og á Fáskrúðsfirði. Er fjarnámsaðstaða á vegum netsins í Verkmenntaskóla Austurlands.

Náttúrustofa Austurlands, Matís hf. og Verkmenntaskóli Austurlands hafa gert með sér samstarfssamning, sem m.a. nær til sameiginlegs húsnæðis í Neskaupstað, undir heitinu Fræðasetrið Búland. Búlandið er samkvæmt skipulagsskrá Þekkingarnets Austurlands ein af starfsstöðvum þess.

Haustið 2006 voru alls 1.058 nemendur með lögheimili á Austurlandi skráðir í framhaldsskóla samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Eftirfarandi mynd sýnir hvernig nemendur, með lögheimili á Austurlandi, dreifðust á skóla á Austurlandi og annars staðar á landsbyggðinni.

## Mynd 1.



Heimild: Hagstofa Íslands

Um tveir þriðju nemenda sóttu skóla á Austurlandi (63%), 11% sóttu skóla á Akureyri, 21% á höfuðborgarsvæðinu og 5% annars staðar á landsbyggðinni. Í þessum tölum Hagstofunnar eru íbúar Hafnar taldir með.

Tölur um umsóknir nemenda á Austurlandi utan Hafnar í Hornafirði um framhaldsskólavist árið 2005 sýna að nærri 20% nemenda sóttu um nám á Akureyri, 22% í Verkmenntaskóla Austurlands og 35% í Menntaskólann á Egilsstöðum.

Skólar á Austurlandi þjóna fyrst og fremst nemendum sem búsettir eru í landshlutanum. Um 95% nemenda Verkmenntaskólans koma frá Austurlandi (umsóknartölur 2005). Um 40% eru frá Neskaupstað, 35% annars staðar úr Fjarðabyggð og 20% annars staðar af Austurlandi.

Í Menntaskólanum á Egilsstöðum var hlutfall umsókna frá nemendum 89% frá Austurlandi utan Hornafjarðar.




### III. Eftirspurn eftir námi í Fjarðabyggð

Starfshópurinn stóð fyrir könnunum meðal nemenda í 9. og 10. bekk í grunnskólum í Fjarðabyggð, meðal almennings í sveitarfélaginu 17-60 ára og fyrirtækja í Fjarðabyggð með fleiri en 4 starfsmenn. Niðurstöður þessara kannana gefa allgóða vísbendingu um eftirspurn eftir námi í sveitarfélaginu og hvaða hugmyndir heimamenn hafa um skipulag þess.


#### III.1 Nemendur í 9. og 10. bekk

Þegar nemendur í efstu bekkjum grunnskóla í Fjarðabyggð eru spurðir um í hvaða framhaldsskóla þeir vilja helst fara kemur í ljós nokkuð jöfn skipting milli Menntaskólans á Egilsstöðum og Verkmenntaskóla Austurlands en hæst hlutfall kýs helst að sækja skóla annars staðar. Um 96% telja mjög eða frekar líklegt að þeir fari í framhaldsskóla. Athyglisvert er að afstaða nemenda til framhaldsskóla er mjög ólík eftir hvar þeir búa innan Fjarðabyggðar (sjá greiningu neðst í mynd).

#### Mynd 2. Í hvaða framhaldsskóla viltu helst fara?



## Greiningar




Þannig kýs 58% nemenda í Neskaupstað að sækja nám í Verkmenntaskólanum, 41% grunnskólanemenda á Eskifirði, 15% á Reyðarfirði en enginn á Fáskrúðsfirði eða Stóðvarfirði. Ef skólinn á að þjóna öllum nemendum í sveitarfélaginu þarf að huga sérstaklega að þeim stöðum sem fjarst liggja.

Athygli vekur að hlutfall þeirra sem hyggjast fara í iðnnám eða annað starfsnám er töluvert hærra en þeirra sem leggja stund á starfsnám í landinu almennt, eða um 35%, en samsvarandi hlutfall yfir landið allt er um 10% lægra. Auk þess hafa um 12% áhuga á listnámi.

## Mynd 3. Hvaða framhaldsskólanámi hefur þú mestan áhuga á að ljúka?

Sp. 2b. Hvaða framhaldsskólanámi hefur þú mestan áhuga á að ljúka?

April - maí 2007




Afstaða nemenda til fjarnáms er blendin og tekur um helmingur þeirra ekki skýra afstöðu til hvort það sé vænlegur kostur, 30% eru mótfallin því en um 20% fylgjandi. Langstærstur hluti þeirra (81%) vill þó frekar sækja skóla daglega en sækja skóla 3-4 daga vikunnar og stunda fjarnám og sjálfsnám 1-2 daga vikunnar.

### **III.2 Almennigur**

Áhugi almennings á námi liggur mest í starfsnámi og þá frekar í einstökum starfstengdum námskeiðum en einnig kemur fram umtalsverður áhugi á heildstæðu starfsnámi á framhaldsskólastigi og bóklegu námi (sjá mynd 4). Rúmlega helmingur telur sig þurfa undirbúning fyrir nám og þá fyrst og fremst í tölvunotkun og erlendum tungumálum.

#### **Mynd 4. Hefðir þú áhuga á að nýta þér einhverja af eftirtöldum námsmöguleikum?**



Einnig kemur fram mikill áhugi meðal almennings á að stunda fjarnám á háskólastigi.

Almennigur er frekar ánægður með aðgengi að námi með tilliti til staðsetningar skóla og kennslustaða. Afstaðan er önnur hvað varðar námsframboð í Fjarðabyggð en tæp 47% telja það vera lítið en 21% hvorki né. Athygli vekur að mikill munur er á milli staða innan sveitarfélagsins hvað þetta varðar en þeir sem búa í Neskaupstað eru mun ánægðari með staðsetningu og framboð en íbúar á öðrum stöðum.

Vilji foreldra um hvert börnin sæki skóla virðist vera nokkur annar en fram kemur í könnuninni meðal 9. og 10. bekkinga en um helmingur foreldrara vill að börnin sæki skóla í

heimabyggð í Verkmenntaskóla Austurlands. Aftur er þó mjög mikill munur eftir búsetu innan sveitarfélagsins. Þannig vilja 81% foreldra í Neskaupstað að börn sín sækji Verkmenntaskólann en 41% foreldra á Reyðarfirði.


## Mynd 5. Í hvaða framhaldsskóla vildir þú helst að barnið þitt færi?

Sp. 12a. Í hvaða framhaldsskóla vildir þú helst að barnið færi?

April - maí 2001

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vikmörk +/-
Verkmenntaskóla Austurlands í Fjarðabyggð	40	50,6	11,0
Menntaskólinn á Egilsstöðum	18	22,8	9,2
Verkmenntaskólinn eða Menntaskólinn á Akureyri	7	8,9	6,3
Skóla í heimabyggð	4	5,1	4,8
Annar skóla	10	12,7	7,3
Fjöldi svara	79	100,0	
Tóku afstöðu	79	77,5	
Tóku ekki afstöðu	23	22,5	
Fjöldi aðspurðra	102	100,0	
Spurðir	102	39,4	
	39,4%	60,6%	
Ekki spurðir	157	60,6	
Fjöldi svarenda	259	100,0	

Þeir sem áttu börn á grunnskólaaldri (sp. 11) voru spurðir þessarar spurningar.



### Greiningar


Greiningar	Fjöldi svara	Verkmenntaskóla		
		Austurlands í Fjarðabyggð	Menntaskólinn á Egilsstöðum	Annar skóla
<b>Kyn</b>				
Karlar	29	51,7%	24,1%	24,1%
Konur	50	50,0%	22,0%	28,0%
<b>Aldur</b>				
22-34 ára	21	47,6%	33,3%	19,0%
35-44 ára	38	47,4%	18,4%	34,2%
45-60 ára	20	60,0%	20,0%	20,0%
<b>Búseta *</b>				
Mjólfjörður og Neskaupstaður	32	81,3%		18,8%
Reyðarfjörður	17	35,3%	41,2%	23,5%
Eskifjörður	17	41,2%	23,5%	35,3%
Fáskrúðsfjörður	8	12,5%	50,0%	37,5%
Stöðvarfjörður	5		60,0%	40,0%
<b>Menntun</b>				
Grunnskólapróf	14	57,1%	28,6%	14,3%
Grunnskólapróf og viðbót	21	42,9%	33,3%	23,8%
Framhaldsskólapróf	21	57,1%	9,5%	33,3%
Háskólapróf	23	47,8%	21,7%	30,4%

\* Marktækur munur á milli hópa

### III.3 Fyrirtæki

Með uppbyggingu stóriðju hefur verið mikil eftirspurn eftir fólki til starfa í Fjarðabyggð. Í svörum forsvarsmanna fyrirtækja í sveitarfélaginu kemur fram að veruleg þörf er á að mennta fólk til starfa (sjá mynd 6).

#### Mynd 6. Viðhorf fyrirtækja til námsframboðs



Í könnuninni kemur fram að eftirspurn er mest eftir fólki með iðn- og tæknimenntun sem unnið getur sjálfstætt en einnig er talin nokkur þörf á háskólamenntuðu fólki. Um 77% forsvarsmanna fyrirtækja telja framboð á símenntun vera mjög eða frekar lítið. Eru fyrirtækin tilbúin til að eiga samstarf við framhaldsskóla um verklega kennslu (85%) og að koma til móts við starfsfólk sitt með sveigjanlegum vinnutíma, fjárstuðningi eða námsleyfi til að það geti stundað nám.

## Mynd 7.


Sp. 7c. Hversu mikið eða lítið finnst þér framboð af námi eða námskeiðum fyrir starfsfólk þíns fyrirtækis/stofnunar þessar vera í Fjarðabyggð?

GALLUP

Apríl - maí 2007

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vikmörk +/-
Mjög mikið (5)	3	5,4	5,9
Frekar mikið (4)	4	7,1	6,7
Hvorki né (3)	6	10,7	8,1
Frekar lítið (2)	18	32,1	12,2
Mjög lítið (1)	25	44,6	13,0
Mikið		12,5	8,7
Hvorki né		10,7	8,1
Lítið		76,8	11,1
Fjöldi svara	56	100,0	
Tóku afstöðu	56	96,6	
Tóku ekki afstöðu	2	3,4	
Fjöldi svarenda	58	100,0	
Meðaltal	2,0		
Vikmörk ±	0,3		

Í þessari spurningu eru svarendur fáir og ber því að túlka hlutfallstölur og meðaltöl með varúð.



### Greiningar

	Fjöldi svara	Mjög mikið	Frekar mikið	Hvorki né	Frekar lítið	Mjög lítið	Meðaltal
<b>Fjöldi starfsmanna</b>							
4 til 5 starfsmenn	16		6,3%	6,3%	25,0%	62,5%	1,6
6 til 10 starfsmenn	18	11,1%		11,1%	27,8%	50,0%	1,9
11 til 25 starfsmenn	9	11,1%	11,1%	11,1%	33,3%	33,3%	2,3
26 eða fleiri starfsmenn	13		15,4%	15,4%	46,2%	23,1%	2,2
<b>Til hvaða starfsgreinar má telja meginstarfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar?</b>							
Fjármálastarfsemi	4				25,0%	75,0%	1,3
Heild-Smásala og þjónustuft.	18		5,6%	11,1%	50,0%	33,3%	1,7
Útgerðar/fiskvft. og iðnaðarft.	16	18,8%		6,3%	18,8%	12,5%	43,8%
Opinber stjómssýsla	18		11,1%	5,6%	33,3%	50,0%	1,8
<b>Staður</b>							
Mjölfjörður og Neskaupstaður	19	5,3%	5,3%	10,5%	31,6%	47,4%	1,9
Reyðarfjörður	18		11,1%	5,6%	33,3%	50,0%	1,8
Eskifjörður	12	16,7%		8,3%	25,0%	41,7%	2,3
Fáskúðsfjörður og Stöðvarfjörður	7			28,6%	42,9%	28,6%	2,0

Ekki er marktækur munur á meðaltölum hópa

## **IV. Stefnumótun stjórnvalda um framhaldsskólastigið og aðgerðir**

Mikil gerjun á sér nú stað hér á landi í umræðu og stefnumótun um framhaldsskóla. Á vegum menntamálaráðuneytis hefur verið unnið að stefnumótun um framhaldsskólastigið, breyttri námsskipan með sveigjanleika að leiðarljósi og jafngildingu starfsnáms- og bóknámsáfanga til stúdentsprófs. Hafa verið gerðar skýrslur með tillögum sem nú er unnið út frá við gerð frumvarps til laga um framhaldsskóla. Vænta má að á næstu árum muni eiga sér stað miklar breytingar á framhaldsskólum og tækifæri skapist fyrir skóla að skapa sér sérstöðu og móta námsframboð sitt að þörfum í sínu umhverfi.

Í tillögum nefndar um starfsnám, sem menntamálaráðherra skipaði, hefur verið lagt til að starfsnám og bóknám verði jafngilt sem nám til stúdentsprófs. Er þar lögð áhersla á að nám í framhaldsskólum verði viðtökumiðað þannig að nám umfram kjarna verði skipulagt með formlegu samstarfi framhaldsskóla og háskóla með tilliti til frekara náms og með samstarfi framhaldsskóla og atvinnulífs.

Nefnd um stofnun nýrra framhaldsskóla skilaði menntamálaráðherra álit árið 2006. Þar koma fram áherslur um aukna þjónustu framhaldsskóla við nærsamfélagið. Ekki er þar lagt til að stofnaður verði nýr framhaldsskóli á Austurlandi enda virðist fjöldi íbúa ekki knýja á um slíkt.

Starfshópur menntamálaráðuneytis um sveigjanleika og fjölbreytni í skipulagi náms og námsframboðs sem skilaði skýrslu vorið 2007 lagði til eftirfarandi:

- færni- og viðhorfamarkmið fái aukið vægi,
- nemendur geti stundað nám á tveimur skólastigum samtímis,
- fræðsluskylda verði til 18 ára aldurs,
- meiri fjölbreytni verði í samsetningu náms til stúdentsprófs með aukinni jafngildingu bóknáms og verknáms,
- framhaldsnám verði byggt ofan á núverandi starfsmenntabrautir,
- ráðgjöf fyrir nemendur og stoðkerfi skólanna verði eflað.

Eins og áður segir er nú starfandi nefnd um endurskoðun laga um framhaldsskóla og er gert ráð fyrir að hún skili tillögu að frumvarpi sem lagt verði fyrir Alþingi í vetur. Þar má vænta þess að ýmsar þær hugmyndir sem lýst er hér að ofan verði formfestar.

Í byggðaáætlun 2006-2009 er m.a. lögð áhersla á eflingu dreifmenntunar á öllum skólastigum: Bent er á kosti dreifmenntunar, þar sem beitt er aðferðum fjarkennslu og staðbundinnar kennslu og þær aðferðir nýttar til að veita fjölbreytt námsframboð á öllum skólastigum með samstarfi skóla. M.a. verði stuðlað að samstarfi háskóla um fjarkennslu. Skilgreind verði ákveðin áherslusvið í starfsmenntun á landsbyggðinni og unnið að eflingu þeirra í samstarfi framhaldsskóla, fyrirtækja og móðurskóla í starfsmenntun.

Iðnaðarráðherra undirritaði árið 2006 vaxtarsamning við aðila á Austurlandi. Markmiðið með vaxtarsamningnum er að efla Austurland sem eftirsóttan valkost til búsetu og auka samkeppnishæfni svæðisins. Samningnum er ætlað að styrkja hagvöxt og búsetuskilyrði á Austurlandi með því að leggja áherslu á uppbyggingu og þróun innan skilgreindra atvinnugreinaklasa. Kjarni aðferðarinnar felst í að styrkja sjálfbæran hagvöxt viðkomandi svæðis með markaðstengdum áherslum og að greina, leggja mat á og undirbúa framkvæmd einstakra verkefna. Lögð er m.a. áhersla á klasa á sviði matvælaframleiðslu, iðnaðar, tækni og verktakastarfsemi, mennta, rannsókna, menningar og ferðaþjónustu.

Innan vaxtarsamnings Austurlands er nú í gangi verkefni um eflingu iðn- og tæknimenntunar sem unnið er af Þróunarfélagi Austurlands og Þekkingarnetinu. Markmiðið er að kanna þarfir fyrirtækja á Austurlandi fyrir iðn- og tæknimenntun og fá þau til samstarf við skóla um að skapa aðstöðu til starfsnáms og að taka þátt í þjálfun nema.



## V. Leiðir til þróunar framhaldsskólamenntunar

Við mótun leiða til að þróa menntun á framhaldsskólastigi í því breytilega umhverfi sem nú er í Fjarðabyggð er mikilvægt að læra af því sem vel er gert hér á landi og erlendis. Í þeim hugmyndum sem nú eru uppi um skólaþróun er í æ ríkari mæli horft til þarfa íbúa, fyrirtækja og alls samfélags á viðkomandi svæði og þeirra möguleika sem skapast hafa með nýrri tækni og nýbreytni í skipulagi náms og kennslu. Almennur er í æ ríkari mæli sér meðvitaður um mikilvægi menntunar við að skapa einstaklingnum tækifæri til lífsfyllingar og atvinnu. Frá sjónarhorni samfélagsins skilar aukin menntun sér í virkari þátttöku einstaklinga, almennri samfélagsþróun og auknum hagvexti.

Hér verður fjallað um hvernig skólar geta tekið mið af þörfum og eftirspurn eftir menntunartækifærum í viðkomandi samfélagi. Er þar byggt á nýlegu riti OECD<sup>1</sup>, Demand-Sensitive Schooling, um skólastarf sem tekur mið af eftirspurn. Einnig verður fjallað um líkan fyrir skólaþróun sem mótað hefur verið í Bandaríkjunum og m.a. nýtt til að umbreyta skólum á framhaldsskólastigi. Loks verður fjallað um dreifmenntun, reynslu af starfi Fjölbautaskóla Snæfellinga og hvernig dreifmenntun tengist mögulegum breytingum á skólahaldi á Austfjörðum.

### ***V.1 Skóli sem tekur mið af eftirspurn (Demand-sensitive schooling)***

Þegar rætt er um að skóli eigi að taka mið af eftirspurn má líta svo á að þar sé lögð eðlileg áhersla á að komið sé til móts við ólíkar kröfur þeirra sem hagsmuni hafa af skólastarfi. Einhverjir kunna að segja að skólinn eigi ekki að hlaupa á eftir hagsmunakröfum og að sífelld viðleitni til að koma til móts við eftirspurn sé í andstöðu við hefbundin gildi skólastarfs um jöfnuð og mannrækt. Hvað sem slíkum sjónarmiðum líður er mikilvægt að skoða merkingu eftirspurnar og hvernig hún birtist.

Eftirspurn er margbreytilegt hugtak sem getur vísað til hvernig einstaklingar og hópar (samtök, fyrirtæki, stofnanir) skilgreina hagsmuni sína gagnvart skólum

---

<sup>1</sup> OECD, 2006. Demand-Sensitive Schooling: Evidence and Issues.

(individual/collective). Önnur hlið eftirspurnar er hvernig hún er látin í ljós, þ.e. með því að fara annað eða að láta skoðanir sínar í ljóst (exit/voice).

Einstaklingur velur sér skóla og getur kosið að fara annað líki honum ekki það sem í boði er. Að sama skapi geta fyrirtæki eða samtök kosið að stofna sína eigin skóla eða samið um menntun starfsmanna sinna eða markhópa annars staðar. Annar möguleiki er að skóli taki mið af eftirspurn í viðkomandi samfélagi og virki nemendur og foreldra til að hafa áhrif á skólastarf, t.d. varðandi ákvarðanatöku, og við að móta eigin námsferil. Fyrirtæki og hagsmunasamtök geta einnig haft áhrif á skólastarf með því að taka þátt í að móta námsleiðir og haft með öðrum hætti áhrif á starfsemi skólans.

Eftirspurn einstaklinga og hópa eftir menntun getur fundið sér farveg gagnvart skólum þannig að menn kjósi með fótunum og fari annað eða að þróaðar séu leiðir til þess að viðkomandi geti haft áhrif á starfsemi einstakra skóla. Möguleikar einstaklinga og hópa til þess að velja sér skóla eru mismunandi. Tölur sýna að nemendur á landsbyggðinni velja sér framhaldsskóla í ólíkum landshlutum og töluvert flæði nemenda er á milli skóla á höfuðborgarsvæðinu. Dæmi eru um að fyrirtæki eða samtök hér á landi stofni sína eigin skóla bæði innan fyrirtækisins eða sem sjálfstæðar stofnanir.

Í skýrslu OECD segir að því meiri áhrif sem nemendur, foreldrar, fyrirtæki eða samtök hafi á starf skóla því meiri sé ánægja þeirra með skólann. Áhugi á þátttöku í starfi skóla er mismunandi og einnig að hve miklu leyti foreldrar og nemendur nýta sér kosti í vali á skólum. Hefur menntun foreldra þar mikil áhrif. Í skýrslunni kemur fram að víða í löndum samtakanna er ánægja framhaldsskólanemenda með sinn skóla minni en meðal grunnskólanemenda. Er í því samhengi nefnt að þátttaka foreldra og nemenda í starfi og stjórnun framhaldsskóla sé víðast lítil og kunni það að hafa áhrif á þessi viðhorf. Fyrir framhaldsskóla liggja því tækifæri í að virkja bæði einstaklinga og hópa til þátttöku og efla áhrif þeirra á starfið.

## ***V.2 Ný skipan náms (New Designs for Learning)***

Í Bandaríkjunum hafa undanfarin ár mótast hugmyndir um nýja skipan náms undir heitinu „New Designs for Learning”. Þar hafa fræðimenn, forsvarsmenn í skólum, sveitarfélögum og atvinnulífi, kennarar, foreldrar og aðrir unnið sameiginlega að nýsköpun í menntun. Þróuð

hafa verið viðmið og aðferðir sem beitt hefur verið til þess að móta skólastarf bæði í nýjum skólum sem skipulagðir eru frá grunni og til breytinga á skólum sem þegar eru starfandi (sjá <http://newdesigns.oregonstate.edu/>).

Hér á eftir verður fjallað um viðmið og aðferðir eins og þeim hefur verið beitt á framhaldsskóla og á stutt framhaldsnám að loknum framhaldsskóla (2-year colleges, community colleges). Er þar aðallega stuðst við grein eftir George H. Copa & William Ammentorp frá 2002 (sjá <http://newdesigns.oregonstate.edu/updates/two-year/>). Tilgangur þeirra er að greina og tengja saman gögn frá ólíkum aðilum til þess að setja fram ramma fyrir nýskipan náms. Áherslan er fyrst og fremst á starfs- og tækninám og símenntun en ramminn hentar einnig fyrir bóknám. Hugmyndin er sú að ólíkir aðilar sem hagsmuni hafa af skólastarfinu komi að því að móta námið á hverjum stað en í rammanum er tekið mið af því besta í faglegu starfi og rannsóknum.

Ferlið við nýja skipan náms gengur út frá tíu þáttum sem fylgja tiltekinni röð. Þessir þættir eru: nám í takti við samfélagið (learning context), merki skólastofnunar (learning signature), afurðir náms (learning outcomes), námsferli (learning process), skipulag náms (learning organization), samstarf um nám (learning partnerships), starfsfólk og þróun í starfi (learning staff and staff development), námsumhverfi (learning environment), fjármögnun náms (learning finance) og áföngum í námi fagnað (learning celebration). Verður hér fjallað um þessa þætti og hvernig þeir tengjast nýrri skipan náms.

## **1. Nám í takti við samfélagið**

Það er grundvallaratriði í nýrri tilhögun náms að skapa þurfi sveigjanleika til að takast á við breytingar. Ef skólar eru ekki stöðugt að takast á við breytilegan heim þá er hættu á að aðrir í umhverfinu ráði ferðinni. Annað grundvallaratrið er að menntun þarf að tengjast ólíkum aðilum, einstaklingum, stofnunum, fyrirtækjum, samtökum og samfélögum.

Störf krefjast þess nú að starfsmenn búi yfir þekkingu og færni sem þeir með starfsreynslu og endurmenntun þróa stöðugt. Menntun þarf í æ ríkari mæli að taka mið af alþjóðavæðingu sem birtist m.a. í tengslum og viðskiptum við ólík lönd og að einstaklingar eru af ólíkum uppruna. Náttúruauðlindir eru nú af skornum skammti og bregðast þarf við samdrætti og breyttum áherslum á því sviði. Síðast en ekki síst þá eru breytingar æ hraðari og líkjast straumiðu sem stöðugt þarf að laga sig að.

Þessar breytingar kalla á að brotist sé undan hefðbundnum hugmyndum um nám og að lögð sé áhersla á nýsköpun og frumkvöðlahugsun. Jafnframt að stofnanir setji sér skýra stefnu og skilgreini sitt hlutverk, bregðist við eftirspurn, óskum og breytingum í sínu umhverfi. Leggja verður áherslu á ábyrgð menntastofnana hvað varðar gæði og skilvirkni náms.

## **2. Merki skólastofnunar**

Merki skóla er mikilvægur þáttur í að skapa ímynd skóla og getur vísað til þess hvað hann hefur staðið fyrir og hvert hann stefnir. Merkið sameinar ólíka þætti sem skapa ímynd stofnunarinnar, s.s. ætlunarverk (mission) eða það sem starfsemin snýst um, framtíðarsýn, gildi stofnunarinnar og tilgang starfseminnar.

## **3. Afurðir náms**

Hugtakið afurðir náms vísar hér til aukinnar færni, þekkingar eða hæfni sem nemandi tileinkar sér í náminu. Það er á forsendum væntanlegrar niðurstöðu sem einstaklingar, fyrirtæki, sveitarfélög og ríki greiða fyrir þjónustu skóla. Út frá væntanlegri útkomu er nám skipulagt, og árangur metinn. Mikilvægt er að skipan náms taki mið af þeim afurðum náms sem stefnt er að og að skipulagið, námsferlið, starfsfólk og húsnaði þjóni henni.

## **4. Námsferli**

Árangri í námi er náð með tilteknu námsferli sem í hefðbundnum skilningi byggir á námskrá, kennslu og námsmati. Mikilvægt er að horfa á hvað þjónar best námi nemenda frekar en kennslu tiltekins námsefnis. Þannig er í auknum mæli lögð áhersla á sjálfstæði og frumkvæði í námi og þekkingaröflun þannig að nemendur séu betur búnir undir að takast á við síbreytilegt þjóðfélag og nýja þekkingu. Jafnframt er þess gætt að nemendur fái virka leiðsögn um sitt nám og uppfylli viðmið um þekkingu og færni sem sett eru bæði innan og utan skólans.

## **5. Skipulag náms**

Skipan náms felur m.a. í sér skipulagningu nemendahópsins, tíma, húsnaðis, námsefnis, starfsmanna, ákvörðunarferlis og stjórnunar. Til þess að þjóna nemendanum þarf skipulag skóla að vera sveigjanlegt, mynda námssamfélög, ólíkar stærðir námshópa og aðstöðu til að tengja saman ólíkar námsgreinar. Ekki síst þarf skipulag að taka mið af samstarfi og þátttöku samfélagsins í starfi skólans.

## **6. Samstarf um nám**

Með víðtæku samstarfi við fyrirtæki og opinberar stofnanir í viðkomandi samfélagi um nám er stuðlað að því að fjölga valmöguleikum nemenda. Til að rækta samstarf þarf að skapa traust, stuðla að gagnkvæmum ávinningi og hafa opin huga fyrir ólíkum leiðum til samstarfs. Þau tengsl og samstarfsnet sem skóli myndar við samfélagið geta þannig opnað nemendum tækifæri til að kynnast mögulegum starfsvettvangi, fá þjálfun í tækni og vinnubrögðun en einnig verið leið fyrir skólann til að styðja við það samfélag sem hann er hluti af.

## **7. Starfsfólk og þróun í starfi**

Til þess að skapa þann sveigjanleika sem stefnt er að og að nám nemenda sé í takti við breytilegar aðstæður er mikilvægt að starfsmannastjórnun sé í samræmi við annað starf skólans. Með endurmenntun, endurskilgreiningu verkefna, nýjum ráðningum og kennurum sem starfa að hluta til annars staðar er mögulegt að ná svigrúmi til breytinga. Leggja þarf áherslu á að starfsfólk geti komið til móts við ólíkar þarfir nemenda, hvort sem það er í námi eða því sem snýr að félagslegum og sálfræðilegum aðstæðum. Í þessu samhengi er gildi símenntunar fyrir starfsfólk mikið hvort sem hún á sér stað innan skólans eða utan.

## **8. Námsumhverfi**

Með námsumhverfi er átt við bæði húsnæði og aðferðir, svo og samspil þessara þátta. Þannig hefur nýting upplýsingatækni í menntun breytt hugmyndum manna um hvernig húsnæði henti til náms og skapað möguleika á að nám fari fram á ólíkum stöðum. Settar hafa verið fram hugmyndir um svokallað „námsfyrirtæki“ (enterprise) sem sé nægilega stórt til þess að skapa námssamfélag (æskileg stærð um 400 manns). Staðsetja má slíkt „fyrirtæki“ á ólíkum stöðum allt eftir því hvaða nám fer fram hverju sinni. Hugsa má sér smærri námshópa sem komið geta saman á ýmsum stöðum, s.s. á vinnustöðum, í verslunarmiðstöðvum, skrifstofum eða heimahúsnæði. Námið er þannig ekki bundið við tiltekna skólabyggingu.

## **9. Fjármögnun náms**

Með því að miða starfsemi við þarfir og kröfur ólíkra aðila í viðkomandi samfélagi, sveitarfélagsins, landshluta, ríkisins og jafnvel á alþjóðavísu, aukast möguleikar á fjármögnun skólstarfs. Víðtækt net samstarfsaðila kann einnig að skapa nýjar forsendur til fjármögnunar á starfsemi skóla. Þannig er horft til þess hvers virði starfsemi er og hvar virðisaukningin er mest með tilliti til þess árangurs sem að er stefnt.

## 10. Áföngum í námi fagnað

Að fagna áföngum í starfi skólans og námi nemenda er stór þáttur í að skapa merkingu og þýðingu fyrir starfið og þar með menningu eða skólabrag. Tengja þarf slíkar hátíðir áföngum í námi nemenda og leggja áherslu á að mynda með henni samfellu þátíðar, nútíðar og framtíðar. Hátíðahöld eru einnig leið til að þakka þeim mörgu sem að starfi skólans koma og tengja starfsemina almenningi og samfélaginu.

### V.3 Dreifmenntun

Hugtakið dreifmenntun (distributed learning) hefur verið notað hér á landi til að vísa til blöndu af staðbundnu námi og fjarnámi þar sem upplýsingatækni er nýtt til þess að auka möguleika nemenda á að stunda nám á ólíkum stöðum og skapa sveigjanleika með tilliti til þess á hvaða tíma námið er stundað. Þannig getur nemandi með aðstoð upplýsingatækni stundað nám í fleiri en einum skóla, hann getur sótt staðbundið nám í einum skóla og einnig stundað fjarnám þar eða í öðrum skóla. Einnig getur skóli boðið upp á staðbundna kennslu eða stoðþjónustu við nemendur á fleiri en einum stað.

Grunnhugsunin að baki dreifmenntun<sup>2</sup> er sú að þarfir nemendans séu í miðpunkti og að kennsla, aðstaða til náms og önnur þjónusta taki mið af búsetu hans, nauðsynlegum stuðningi við námið, félagslegum kringumstæðum og öðrum þáttum. Hugmyndin er sú að þær bjargir (resources) sem nemandinn þarfnast við nám sitt kunna að vera dreifðar (eru á ólíkum stöðum) en þær séu gerðar aðgengilegar nemandanum. Í þessu samhengi opnar upplýsingatækni marga möguleika en grundvöllurinn er lagður með fjölbreyttum kennsluáferðum og skipulagi náms.

Í dreifmenntun felst að öll kennsla er skipulögð með þeim hætti að nemendur geti stundað nám hvort sem þeir eru á staðnum í skólanum eða ekki. Með því að nýta kennsluumsjónarkerfi á netinu er hægt að gera fyrirlestra, námsefni og verkefni aðgengileg hvenær og hvar sem er. Það nýtist því jafnt þeim sem stunda fjarnám og þeim sem sækja skóla á hverjum degi.

---

<sup>2</sup> Arnór Guðmundsson og Ásrún Matthíasdóttir, 2004. Distributed learning in the Nordic Countries and Canada. European Journal of Open and Distance and E-Learning, 12/11/2004. [http://www.eurodl.org/materials/contrib/2004/Arnor\\_Gudmundsson.htm](http://www.eurodl.org/materials/contrib/2004/Arnor_Gudmundsson.htm)

Fjölbrautaskóli Snæfellinga í Grundarfirði er nýr skóli sem mótaður hefur verið samkvæmt hugmyndum um dreifmenntun. Húsnæði skólans er hannað með því augnarmiði að styðja við sveigjanleika í kennsluháttum og skapa fjölbreytta aðstöðu. Þannig eru ekki hefðbundnar kennslustofur í skólanum en mestur hluti kennslu og náms fer fram á opnum og ólíkum svæðum þar sem nemendur vinna sjáfstætt en undir leiðsögn kennara. Í skólanum gefst nemendum kostur á að taka námsáfangu í öðrum skólum í fjarkennslu þar sem kennslukerfi á netinu eru nýtt en lögð er áhersla á að kennari í viðkomandi námsáfangu komi öðru hverju til Grundarfjarðar, hitti þar nemendur og kenni þeim nokkra tíma þar.

Í nýlegri skýrslu um úttekt á Fjölbrautaskóla Snæfellinga<sup>3</sup> kemur fram að þeir kennsluhættir sem þróaðir hafa verið innan skólans virðast styðja við sjálfstæð og öguð vinnubrögð nemenda og ábyrgð þeirra á eigin námi. Skólinn er fyrst og fremst bóknámsskóli og hafa ekki verið þróaðar margar leiðir til starfsnáms þó svo að samstarf sé við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi um nám í nokkrum slíkum greinum. Aðsókn að skólanum hefur verið meiri en áætlað var í upphafi og hefur hann orðið til þess að fleira ungt fólk af svæðinu sækir framhaldsskóla en áður.

---

<sup>3</sup> Ásrún Matthíasdóttir og Trausti Þorsteinsson, 2007. Fjölbrautaskóli Snæfellinga – Úttekt. Menntamálaráðuneyti, ágúst 2007. [http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/fjolbrautaskoli\\_snaefellinga\\_uttekt.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/fjolbrautaskoli_snaefellinga_uttekt.pdf)

## **VI. Framtíðaruppbygging framhaldsskólanáms í Fjarðabyggð og á Austurlandi**

Sú mikla uppbygging sem nú á sér stað í Fjarðabyggð og á Austurlandi með nýju álveri og tengdri atvinnustarfsemi hefur skapað nýjar kringumstæður fyrir þróun framhaldsskólamenntunar á svæðinu. Á sama tíma eru fyrirsjáanlegar miklar breytingar á starfsumhverfi framhaldsskóla með nýrri námsskipan til stúdentsprófs og jafngildingu starfs- og bóknáms. Á þessum tímum eru því mikil tækifæri til að sækja fram með nýrri uppbyggingu náms á framhaldsskólastigi á Austurlandi.

Það er sjónarmið starfshópsins að við þróun framhaldsskólamenntunar verði að líta á hana í samhengi við nám á öðrum skólastigum. Þannig skiptir máli að þegar á grunnskólastigi sé sköpuð tenging við framhaldsskóla á svæðinu, grunnskólanemendur kynnist starfi framhaldsskólans, t.d. með því að taka þar áfanga og að starfsmenn grunnskóla og foreldrar fái markvissa kynningu á starfi framhaldsskólans. Sama gildir um háskóla- og símenntun. Það styrkir framhaldsskólamenntun að nemendur sjái fyrir sér að hægt sé að stunda frekara nám á háskólastigi á svæðinu og að fyrirtæki, starfsfólk og almenningur sjái möguleika á að tengja nám á framhaldsskólastigi við háskólanám og endurmenntun.

Jafnframt telur hópurinn að framhaldsskólamenntun í Fjarðabyggð eigi ekki að miðast eingöngu við sjálft sveitarfélagið heldur skuli horft til Austurlands sem heildar, tiltekna námsbrautir séu hugsaðar á landsvísu og að einnig gert sé ráð fyrir alþjóðlegu samstarfi. Verkmenntaskóli Austurlands var stofnaður til að þjóna Austurlandi öllu og mikilvægt er að framhaldsskóli í Fjarðabyggð haldi því hlutverki. Sú tækniþekking sem skapast í tengslum við atvinnuuppbyggingu í Fjarðabyggð gæti orðið grundvöllur námsframboðs á framhaldsskólastigi sem hefði sérstöðu á landsvísu. Breyttri námskipan með væntanlegum lögum um framhaldsskóla er ætlað að gera framhaldsskólum kleift að þróa námskrár fyrir afmarkaðar brautir sem lagðar eru fram til samþykkis í menntamálaráðuneyti. Þannig gætu skapast tækifæri til að móta námsframboð á svæðinu sem byggði á styrkleikum þess og hefði aðdráttarafl fyrir nemendur frá öðrum landshlutum.



Starfshópurinn leggur til að sett verði tvö meginmarkmið fyrir framhaldsskólamenntun í Fjarðabyggð og á Austurlandi:

- I. Framhaldsskóli í Fjarðabyggð verði fyrsti kostur flestra nemenda sem þar ljúka grunnskólaprófi -- 75% nemenda sem ljúka grunnskólaprófi í Fjarðabyggð kjósi að stunda framhaldsskólanám þar.**
- II. Framhaldsskóli í Fjarðabyggð bjóði verk- og tæknimenntun sem dragi til sín nemendur alls staðar af landinu -- 25% nemenda framhaldsskóla í Fjarðabyggð komi frá stöðum utan Austurlands.**

Samkvæmt könnun starfshópsins er Verkmenntaskóli Austurlands nú fyrsti valkostur 30% nemenda í efstu bekkjum grunnskóla í Fjarðabyggð. Um 5% nemenda Verkmenntaskóla Austurlands koma frá stöðum utan landsfjórðungsins.

Starfshópurinn skoðaði ýmsa möguleika á breytingum varðandi skipan framhaldsskólamenntunar í sveitarfélaginu til þess að unnt verði að ná þessum markmiðum. Kostirnir, sem metnir eru hér á eftir, útiloka ekki hver annan. Verði ráðist í breytingar er mikilvægt að meta þá og hugsanlegt samspil þeirra. Eftirfarandi kostir eru fyrst og fremst settir fram til umræðu. Fullmótaðar tillögur hljóta að dómi starfshópsins að byggjast á frekara samráði við ýmsa hagsmunaaðila og sérfræðinga á sviði menntunar.

*1. Halda óbreyttri skipan Verkmenntaskóla Austurlands í Neskaupstað.*

Kostir: Byggt á grunni starfandi framhaldsskóla þar sem nemendum hefur fjölgað nokkuð undanfarin ár. Fyrirhuguð stækkun skólans og gerð nýrra gangna milli Eskifjarðar og Norðfjarðar breyta forsendum fyrir skólahaldi í Neskaupstað. Með því að byggja upp nýjar námsbrautir, vinna að nauðsynlegum úrbótum og kynna skólann markvisst fyrir grunnskólum, fyrirtækjum og almenningi má fjölga nemendum og efla skólann.

Gallar: Erfitt kann að reynast með óbreyttu fyrirkomulagi að auka hlutfall þeirra nemenda í Fjarðabyggð sem kjósa að sækja Verkmenntaskólann og breyta ímynd skólans þannig að hann verði fyrsti valkostur grunnskólanema. Ólík viðhorf nemenda og foreldra eftir því hvar þeir eru búsettir innan sveitarfélagsins kunna að styðja þá skoðun að ekki sé komið til móts við þarfir þeirra. Þyngra er að vinna að breytingum innan rótgróinnar stofnunar en þegar sett er á stofn ný.

2. *Stofna nýjan framhaldsskóla í Fjarðabyggð sem staðsettur yrði á Reyðarfirði.*

Kostir: Byrjað frá grunni við mótun nýs skóla og námsleiða á grundvelli nýjustu hugmynda þar sem komið yrði til móts við þarfir og eftirspurn. Hugsanlega auðveldara að fá einkaaðila að rekstri og starfsemi skólans. Skólinn yrði miðsvæðis í sveitarfélaginu og nyti góðs af þeirri starfsemi og aðstöðu sem byggð hefur verið upp á Reyðarfirði.

Gallar: Hætta er á að dregið yrði úr núverandi hlutverki Verkmenntaskólans að þjóna Austurlandi öllu. Hætt er við að vægi starfsmenntunar í skólanum minnki frá því sem nú er í VA. Slíkt hefði mikla röskun í för með sér með tilliti til núverandi skólahlalds og kynni að valda klofningi meðal íbúa sveitarfélagsins. Kostnaður mikill og vannýting á því húsnæði sem nú er fyrir hendi í Neskaupstað.

3. *Boðið verði upp á framhaldsskólanám með dreifmenntunarsniði í VA þannig að nemendur geti stundað nám á ólíkum stöðum innan sveitarfélagsins.*

Kostir: Hægt yrði að bjóða nemendum upp á nám á heimaslóð. Möguleiki er að bjóða fjarnám frá fleiri en einum skóla og auka fjölbreytni námsframboðs fyrir nemendur. Býður upp á fleiri möguleika í símenntun með auknum sveigjanleika varðandi tímasókn nemenda og hvar námið er stundað (fjarnám). Hægt að tengja nám betur við starfsemi fyrirtækja á hverjum stað. Tækifæri skapast við að stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda og nýtingu upplýsingatækni í námi.

Gallar: Hentar síður nemendum á hefðbundnum framhaldsskólaaldri þar sem viðvera og beinn stuðningur kennara ásamt samskiptum við jafnaldra skipta miklu máli. Könnun sýnir takmarkaðan áhuga nemenda og foreldra á þessu námsfyrirkomulagi. Dreifir kennslukröftum kennara við skólann sem þyrftu ferðast um sveitarfélagið vegna staðbundinnar kennslu. Erfiðara verður að láta nemendum í té aðhald, stuðning og stoðþjónusta sem þeir þarfnast. Kostnaður við að halda úti útibúum á fleiri en einum stað er mikill.

4. *Verkmenntaskóli Austurlands og Menntaskólinn á Egilsstöðum verði sameinaðir í einn framhaldsskóla.*

Kostir: Stærri eining gerir kleift að auka námsframboð og bjóða upp á kennslu í fleiri greinum. Unnt að nýta styrkleika skólanna á sviði bóknáms annars vegar og starfsnáms hins vegar til að mynda sterka einingu og auka gæði kennslunnar. Samnýting á stoðþjónustu og annarri þjónustu við nemendur kann að auka hagræðingu. Stærri skóli stæði betur að vígi til að veita þjónustu á landsvísu t.d. með fjar- og dreifnámi.

Gallar: Sameining stofnana tekur langan tíma og kraftarnir sem fara í slíkt ferli geta dregið úr nauðsynlegri nýsköpun og endurskipulagningu náms. Hvor skóli hefur sína menningu og er tengdur sínu byggðarlagi með tilteknum hætti sem þýðir að sameining kann ekki að skila árangri fyrr enn unnið hefur verið markvisst að henni í langan tíma. Sameining kann að draga úr þeirri megináherslu sem setja þarf á uppbyggingu framhaldsskólanáms í Fjarðabyggð.

Ef vel á að takast við uppbyggingu framhaldsskólamenntunar þarf að þróa lausnir í samstarfi við heimamenn og hagsmunaaðila og taka mið af eftirspurn eftir menntun á Austurlandi. Er þar lagt til að fylgt verði aðferðafræði nýrrar skipanar náms sem lýst er í kafla IV. Að mati hópsins liggja fyrir nokkur atriði sem rétt er að taka mið af í slíkri þróunarvinnu.

- Sé litið á framhaldsskólanám í Fjarðabyggð með tilliti til eftirspurnar þá er Verkmenntaskóli Austurlands fyrsti valkostur um 30% grunnskólanemenda en um 50% foreldra vilja helst að sín börn sækja skólann. Þarna eru veruleg sóknarfæri fyrir framhaldsskóla í Fjarðarbyggð að ná herra hlutfalli nemenda til sín. Það að jafnhátt hlutfall grunnskólanemenda í Fjarðabyggð ætli að stunda nám við Menntaskólann á Egilsstöðum bendir til að við þróun framhaldsskólamenntunar þurfi að hugsa til Austurlands sem heildar.
- Ólík afstaða nemenda og foreldra til framhaldsskóla eftir byggðakjörnum innan sveitarfélagsins Fjarðabyggðar bendir til þess að mikilvægt sé að virkja foreldra og nemendur þar til áhrifa á mótun framhaldsskóla.
- Afstaða fyrirtækja til framboðs og fyrirkomulags framhaldsskólamenntunar í Fjarðabyggð er neikvæð. Um 77% forsvarsmanna fyrirtækja í sveitarfélaginu telja framboð á námi sem henti þeirra starfsfólki vera lítið. Nauðsynlegt er að virkja fyrirtæki mun meir en nú er til samstarfs um þróun starfsnáms og endurmenntun. Í þróun slíks samstarfs mætti nýta átak um eflingu iðn- og tæknináms sem nú er hafið innan vaxtarsamnings Austurlands.
- Sóknarfæri eru í að auka samstarf framhaldsskóla við fyrirtæki um verklega kennslu nemenda, en 85% fyrirtækja í sveitarfélaginu lýsa sig reiðubúin til þess.

- Fyrirhuguð göng um Oddskarð munu auðvelda uppbyggingu framhaldsskólamenntunar í Fjarðabyggð. Það þýðir þó ekki að allt framboð náms eigi að vera bundið Neskaupstað og að allir nemendur sæki nám þangað. Betri samgöngur geta ekki síður haft í för með sér að boðið sé upp á sveigjanleika í námsframboði, t.d. hvað varðar vinnustaðanám, endurmenntun og dreifmenntun og að aðstaða til slíks náms sé byggð upp á fleirum en einum stað í sveitarfélaginu.
- Sökum miðlægrar stöðu Reyðarfjarðar í sveitarfélaginu kann að vera æskilegt að byggja þar upp aðstöðu er tengist dreifmenntun og þar verði boðið upp á einhverja námsmöguleika.
- Háskólar hafa sýnt áhuga á að auka námsframboð sitt á Austurlandi. Hefur Háskólinn í Reykjavík þegar gert samning við sveitarfélagið Fjarðabyggð um eflingu menntasamfélags með áherslu á símenntun, starfsmenntun og starfsþjálfun. Mikilvægt er að tengja eflingu framhaldsskólamenntunar við starfsemi háskóla bæði hvað varðar sérhæfðan undirbúning fyrir háskólanám, s.s. frumgreinanám, sem og endurmenntun.
- Styrkleiki Fjarðabyggðar sem menntunarsamfélags mun að öllu líkindum liggja í verk- og tæknimenntun. Mikilvægt er að byggja á þeim styrkleika. Eigi það markmið að nást að 75% nemenda í sveitarfélaginu leggi stund á nám í framhaldsskóla í sveitarfélaginu er jafnframt nauðsynlegt að bóknám sé sterkt.

## VII. Tillögur

Að mati nefndar um uppbyggingu framhaldsskólamenntunar í Fjarðabyggð er nauðsynlegt að á næstu árum verði unnið markvisst að nýrri skipan náms á þessu skólastigi í sveitarfélaginu. Könnun sem nefndin stóð fyrir sýnir að minnihluti nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla í sveitarfélaginu hyggst stunda nám við Verkmenntaskóla Austurlands og að viðhorf bæði nemenda og almennings til skólans eru mjög mismunandi eftir byggðarkjörnum í sveitarfélaginu. Fyrirtæki kalla eftir meira námsframboði, starfsmenntun og starfsþjálfun.

Nefndin telur að ekki liggi fyrir afmarkaðir eða augljósir kostir við uppbyggingu náms á framhaldsskólastigi sem rétt væri á þessu stigi að velja og framkvæma án frekari könnunar. Lagt er til að fylgt verði skýrum og mælanlegum markmiðum um að 75% nemenda í sveitarfélaginu sækji skólann og að 25% nemenda hans komi frá stöðum utan Austurlands. Ef sátt næst um slík markmið meðal aðstandenda framhaldsskólans og almennings í Fjarðabyggð er hægt að stíga næstu skref við að þróa leiðir að þessum markmiðum. Til þess að ofangreind markmið náist þarf skólinn að hafa víða skírskotun til heimamanna og vera sterkur bæði sem starfs- og bóknámsskóli. Jafnframt er nauðsynlegt að skólinn hafi sérstöðu í námsframboði og kennsluháttum á landsvísu þannig að hann höfði til nemenda utan fjórðungsins.

Lagt er til að fylgt verði aðferðum sem beitt hefur verið við nýja skipan og lýst er hér í skýrslunni. Þar er lögð áhersla á að skilgreina í upphafi afurðir náms sem koma til móts við þarfir nemenda og umhverfis framhaldsskólans. Tekið verði heildstætt á öllum þáttum í starfi skólans, s.s. ímynd, námsskipan, kennsluháttum, fjármögnun og þróun mannauðs. Stór þáttur í þessari vinnu er síðan víðtækt samstarf við alla aðila sem að menntun koma í sveitarfélaginu. Þessar áherslur falla vel að þeim stefnumótandi hugmyndum sem settar hafa verið fram í vinnu af hálfu menntamálaráðuneytis, s.s. um sveigjanlega námsskipan í framhaldsskólum.

Til þess að vinna að þessum markmiðum og þróa nýjar leiðir í starfsemi framhaldsskóla í Fjarðabyggð er lagt til að leitað verði samstöðu meðal heimamanna um að ráðast í breytingar með þeim aðferðum sem lýst er í skýrslunni. Ef sú samstaða næst verði myndaður framkvæmdahópur sem hafi umboð til þess að ráðast í breytingar. Telur nefndin að á tveimur árum ætti að vera hægt koma á nýrri skipan framhaldsskólamenntunar í Fjarðabyggð sem líkleg sé að ná þeim markmiðum sem hér hafa verið sett fram.